

Fundargerð 482. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, mánudaginn 13. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2024-2026 - 2509016HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 481. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 17. mars 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.
- Drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga - óskað umsagnar - 2604001HA**

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um leiðarmerki og öryggi siglingar.
Starfsmanni falið að skrifa umsögn í samræmi við umræður á fundi.
- Virðisaukaskattur á hringsiglingaskip - 2601003HA**

Lagt fram minnisblað vegna virðisaukaskattskyldu skemmtiferðaskipa dags. 9. apríl 2026 sem hefur verið sent á aðildarhafnir.
Stjórn leggur áherslu á að Samgöngustofa uppfæri SafeSeaNet sem fyrst svo hægt sé að tryggja rétta reikningagerð frá höfnum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að það er umboðsmaður skipafélaga sem bera ábyrgð á upplýsingagjöf til hafna til að auðvelda rétta upplýsingagerð.
- Endurskoðun hafnalaga nr. 61-2003 - 2510007HA**

Formaður gerir grein fyrir stöðu í samtali við ráðuneytið um breytingar á hafnalögum.
Starfsmanni falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundi.
- Vorferð stjórnar Hafnasambands Íslands til Grænlands 2026 - 2509033HA**

Rætt um fyrirhugaða vorferð Hafnasambands Íslands sem ákveðið hefur verið að halda um miðjan ágúst vegna sveitarstjórnarkosninga í vor.
Formanni og starfsmanni hafnasambandsins falið að vinna málið áfram.
- Hafnasambandsþing 2026 - 2510001HA**

Rætt um skipulag Hafnasambandsþings sem verður haldið á Suðurnesjum 22.-23. október 2026.

Formaður og starfsfólki Hafnasambandsins falið að vinna málið áfram.

7. Erlend samskipti Hafnasambandsins - 2509013HA

Rætt um evrópskt samstarf hafnasambandsins og farið yfir samtal stjórnar við Isabelle Ryckbost, framkvæmdastjóra ESPO (Evrópska hafnasambandinu), en stjórn fundaði með henni eftir stjórnarfund 17. mars sl.

Formanni og starfsmanni falið að vinna málið áfram og leggja fram minnisblað á næsta fundi stjórnar.

Fundi var slitið kl. 12:30